

Föstudaginn 29. janúar 1943.

Nr. 108/1942. **Hans Steinason**

gegn

Guðrúnu Einarsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hans Steinason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. janúar 1943.

Nr. 126/1942. **Sigurgeir Sigurjónsson**

gegn

Jónasi Jónssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurgeir Sigurjónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1943.

Nr. 124/1942. **Valdstjórnin** (Einar Ásmundsson)

gegn

Guðmundi Einarssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Brot á umferðarreglum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði.

Brot kærða, sem lýst er í héraðsdómi, varðar við 6. gr. og 3. mgr. 11. gr. laga nr. 24/1941 og 2. gr. og c-lið 56. gr. lög-

reglusamþykktar Siglufjarðar nr. 82/1929, og þykir refsing kærða samkvæmt 14. gr. áður nefndra laga og 95. gr. samþykktarinnar hæfilega ákveðin í héraðsdómi, og ber því að staðfesta refsíákvæði hans, þó svo, að vararefsingin komi til framkvæmdar, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að staðfesta málskostnaðar-ákvæði héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Rétt þykir að lagfæra ákvæði héraðsdóms um réttarfarssekt Jóns Jóhannessonar á þá leið, að 2 daga varðhald komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Það athugast, að héraðsdómara hefur láðst að vitna til umferðarlaga nr. 24/1941 í málshöfðun, að hann hefur ekki ákveðið kærða frest til greiðslu sektar og ekki tiltekið vararefsingu í stað réttarfarssektarinnar.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðmundur Einarsson, greiði 20 króna sekt í bæjarsjóð Siglufjarðar, en sæti varðhaldi í 2 daga, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einar Ásmundssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 14. nóv. 1942.

Með stefnu, útgefinni 22. sept. s. l., er kærður Guðm. Einarsson vélstjóri, Suðurgötu 12, Siglufirði, stefnt til sakar fyrir brot á lögreglusamþykkt Siglufjarðar frá 24. sept. 1929, 2. gr. og 56. gr. c, fyrir

að hafa á götum bæjarins um miðnætti 13. ágúst s. l. ekið á reiðhjóli ljóslausu og ekki á vinstri götubrún, svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

Samkv. eíðfestum framburði 2ja lögregluþjóna var kærður rétt fyrir miðnætti 13. ágúst s. l. á reiðhjóli og ók á því ljóslausu eftir Suðurgötu og niður á Aðalgötu. Hafi hann ekið á hægri götubarminni í bugðu Suðurgötu og Aðalgötu, þar sem þær mætast, og svo niður Aðalgötu eftir götunni miðri. Hafi lögregluþjónarnir verið staddir á torginu við bugðu Aðalgötu og Suðurgötu við söluturn þar við torgið og séð kærðan koma ljóslaust hjólandi sunnan Suðurgötu norður eftir götunni og niður á Aðalgötu. Hafi þeir kallað hátt til hans og hann litið við, en haldið áfram eftir sem áður. Þeir segja og, að engin önnur umferð hafi þá verið á götunni, svo að ekki hafi honum af þeim ástæðum verið ófært að vera á vinstri götubrún, enda verður eigi séð, að þótt umferð hefði verið á götunni, að hann hefði eigi getað ekið á vinstri götubrún fyrir því og þá eigi síður nauðsynlegt að fylgja réttum umferðarreglum. Vitnisburður þriðja lögregluþjónsins ber með sér, að kallið hafi verið hátt, og líkur benda til þess, að það kall hafi verið kallað til kærðs, er hafi heyrt það, en gegn mótmælum hans er það þó ósannað, að hann hafi heyrt kallað.

Kærður neitar eindregið að hafa ekið ljóslaust né heyrt kall lögregluþjónanna og minnst þess ekki að hafa ekki ekið á vinstri götubrún, en ef hann hafi ekki ekið á vinstri götubrún, hafi það verið af því, að hann hafi verið að forðast árekstur af umferð, án þess þó að hafa getað greint nánar frá atvikum um umferðina. Hins vegar heldur talsmaður kærðs því fram, að eftir 2. gr. lögreglusamþykktarinnar sé ósagnæmt að aka á hægri brún götu eða á miðri götu, ef engin umferð sé á götunni, og að engin umferð hafi verið á götunni, er kærður ók framhjá lögregluþjónunum.

Þá hefur umboðsmaður kærðs lagt mikið upp úr því, að lögregluþjónarnir hafi ekki athugað reiðhjól kærðs, er þeir fylgdu honum eftir og hann var farinn af reiðhjólinu, því að af því hefði mátt sjá, hvort ljós hefði verið á reiðhjólinu, er hann ók því. Það verður nú að telja misskilning hjá talsmanni kærða, að af því hefði sézt, hvort hjólinu hefði verið ekið ljóslaust eða ekki. Kærður hefði ekki þurft annað en láta hjólið snúast einn snúning eða svo með ljósrafalnum í sambandi við hjólið um leið og hann fór af hjólinu til þess að láta lita svo út sem hjólinu hefði verið ekið í sambandi við ljósrafalinn. Hins vegar hefði þó verið réttara vegna lögregluþjónanna sjálfra, að þeir hefðu athugað hjólið, þótt þeir hins vegar bendi á, að þeir hafi ekki gert þessa athugun á hjólinu sjálfu, af því að þeir hafi alveg örugglega séð, að kærður ók ljóslaust.

Það nær engri átt, eins og talsmaður kærðs heldur fram, að það sé ósagnæmt eftir 2. gr. lögreglusamþykktarinnar að aka á rangri

vegarbrún eða á miðri götu, ef engin umferð sé á götunni, enda myndi slíkt vera gagnstætt umferðarlögunum.

Það verður því þrátt fyrir eindregna neitun kærða að telja sann- að með eiðfestum framburði 2ja lögregluþjóna, að kærður hafi ekið ljóslaust og á rangri götubrún og að hann með því hafi gerzt brot- legur gegn 2. gr. og 56 gr. c. lið lögreglusamþykktarinnar, og álizt sektin fyrir þetta brot hæfileg 20 kr., er renni í bæjarsjóð, til vara sæti kærður 2ja daga varðhaldi, og að kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 30 kr. málskostnaðarlaun til talsmanns kærðs.

Í málfutningnum hefur talsmaður kærðs, Jón Jóhannesson mál- flm., Siglufirði, farið meðandi ummælum um lögregluþjónana, sem borið hafa um sök kærðs, og talið atriði í kærú þeirra bera vitni „litilli greind og óvild“ þeirra í garð kærðs, en ekkert er fram komið í máli þessu, er bendi til, að slík aðdróttun í garð lögregluþjónanna hafi við nokkuð að styðjast, og verður því eigi komizt hjá að sekta talsmanninn fyrir þau og ógilda ummælin. En með sérstöku tilliti til þess, að talsmaðurinn er þarna að reyna að finna vörn fyrir skjól- stæðing sinn, álizt sektin, er renni í rikissjóð, hæfilega ákveðin 30 kr.

Á máli þessu hefur enginn óþarfur dráttur orðið.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður Guðmundur Einarsson vélstjóri, Siglufirði, greiði 20 kr. sekt í bæjarsjóð Siglufjarðar, til vara sæti 2ja daga varðhaldi og greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 30 kr. máls- varnarlaun til talsmanns síns, Jóns Jóhannessonar málflm., Siglufirði.

Jón Jóhannesson málflm., Siglufirði, talsmaður kærðs, greiði 30 kr. sekt í rikissjóð fyrir ósæmilegan rithátt um lögreglu- þjóna í varnarskjölum málsins.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
